

## GJALDSKRÁ

### **fyrir byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Dalabyggð.**

1. gr.

*Almenn ákvæði.*

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingar-aðila.

2. gr.

*Byggingarleyfisgjald.*

Fyrir byggingarleyfi.	
2.1 Íbúðarhúsnaði:	
Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.	
Einbýlishús	kr. 133.000
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	kr. 112.000 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	kr. 95.379 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 80.830 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 68.500 pr. íbúð
2.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:	
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.	
Atvinnu- og þjónustuhúsnaði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfflotur allt að 500 m <sup>2</sup>	kr. 133.000
Atvinnu- og þjónustuhúsnaði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfflotur stærri en 500 m <sup>2</sup>	kr. 179.550
2.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:	
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.	
Frístundahús stærri en 50 m <sup>2</sup>	kr. 133.000
Smáhýsi allt að 10 m <sup>2</sup>	kr. 10.000
Smáhýsi frá 10 m <sup>2</sup> að 25 m <sup>2</sup> (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	kr. 33.250
Frístundahús 25-50 m <sup>2</sup>	kr. 66.500
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla og viðbyggingar allt að 20 m <sup>2</sup>	kr. 33.250
Viðbyggingar 20-100 m <sup>2</sup>	kr. 66.500
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru minni en 100 m <sup>2</sup>	kr. 66.500
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m <sup>2</sup> skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.	kr. 66.500
Vélageymslur/korngeymslur allt að 300 m <sup>2</sup> (ef stærra en 300 m <sup>2</sup> , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 75.000
Fjárhús, fjós og hesthús og/eða sambærileg hús allt að 300 m <sup>2</sup> (ef stærra en 300 m <sup>2</sup> , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 75.000

Gróðurhús allt að 300 m <sup>2</sup> (ef stærra en 300 m <sup>2</sup> , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 75.000
Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði Dalabyggðar fullbún og sett á tilbúnar undirstöður	kr. 66.500

## 3. gr.

*Bjónustugjöld.*

- 3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir.

3.1.1 Afgreiðslugjald	kr. 9.100
3.1.2 Endurskoðun aðaluppdráttu	kr. 11.450
3.1.4 Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	kr. 29.500
3.1.5 Úttekt vegna meistaraskipta	kr. 29.500
3.1.6 Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	kr. 29.500
3.1.7 Úttekt vegna rekstrarleyfis	kr. 29.500
3.1.8 Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	kr. 29.500
3.1.9 Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	kr. 29.500
3.1.10 Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	kr. 27.710
3.1.11 Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5	kr. 3.800
3.1.12 Tímabundin stöðuleyfi	kr. 18.000
3.1.13 Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	kr. 23.100
3.1.14 Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi	kr. 32.800
3.1.15 Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	kr. 18.000
3.1.16 Aukaúttekt	kr. 10.400
3.1.17 Aukamæling á útsetningu húss	kr. 51.000
3.1.18 GPS mæling/lóðaruppdráttur (4-6 punktar)	kr. 45.000

Útprentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvítt):

A-4 = kr. 40
A-3 = kr. 85
A-2 = kr. 300
A-1 = kr. 500

Útprentun á deiliskipulagsuppdráttum o.fl. í lit:

A-4 = kr. 150
A-3 = kr. 250
A-2 = kr. 500
A-1 = kr. 1.000

## 4. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.*

- 4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:  
Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér.  
Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttu, breytingu á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.
- 4.2 Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaltdöku ef skipulagsvinnna á vegum er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnað breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.
- 4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 9.000 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

	<i>Kostnaður vegna skipulagsvinnu.</i>		
4.4	Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga: Afgreiðslugjald Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr., krafid skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald 9.000 kr./klst. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	kr.	9.100 270.000 180.000
4.5	Kostnaður vegna nýs deiliskipulags: Afgreiðslugjald Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., krafid skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	kr.	9.100 kr./klst. 9.000 120.000
4.6	Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi: Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., krafid skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr.	kr./klst.	9.000 120.000
4.7	Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi: Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., krafid skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	kr./klst.	9.000 40.000
4.8	Kostnaður vegna grenndarkynningar: Grenndarkynning Grenndarkynning, minniháttar	kr.	40.000 17.500
	<i>Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.</i>		
4.9	Skipulags- og byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.		
4.10	Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.		
4.11	Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.		
4.12	Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.		
4.13	Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir: Afgreiðslugjald Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, krafid skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, krafid skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi Umsýsla og yfirferð gagna Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar Áfangaúttekt	kr.	9.100 9.000 9.000 9.100 14.000 9.100 36.100

## 5. gr.

*Gjalddagi, lögveð.*

- 5.1 Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.

Nr. 158

2. janúar 2013

- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn sé dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

*Verðlagsbreytingar.*

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísítölu í desember 2012 sem er 115,5 stig og breytist 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísítölunni.

7. gr.

*Gildistaka o.fl.*

- 7.1 Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann 13. desember, er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.
- 7.2 Jafnframt fellur úr gildi óbirt eldri gjaldskrá dagsett 18. desember 2009 fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Dalabyggð.

*Dalabyggð, 2. janúar 2013.*

**Sveinn Pálsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. febrúar 2013